

Alþingi
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2020
Tilvísun: 2020020896/VIS

Efni: Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um varnir gegn hagsmunaárekstrum hjá æðstu handhöfum framkvæmdarvalds í Stjórnarráði Íslands

Persónuvernd vísar til beiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis frá 5. febrúar 2020 um umsögn um frumvarp til laga um varnir gegn hagsmunaárekstrum hjá æðstu handhöfum framkvæmdarvalds í Stjórnarráði Íslands (þskj. 864, 523. mál á 150. löggjafarþingi).

Persónuvernd veitti umsögn sína með bréfi, dags. 2. mars 2020. Til viðbótar þeim athugasemdum sem gerðar voru með umsögninni vill Persónuvernd koma eftirfarandi á framfæri.

1.

Skráning og birting upplýsinga um hagsmunaverði

Í 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um þær tilkynningar og undanþágur sem ráðherra skal halda skrá yfir. Þar á meðal eru tilkynningar hagsmunavarða samkvæmt 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins, sem gert er ráð fyrir að greini frá nafni og kennitölu hagsmunavarðar, vinnuveitanda og starfsstöð, hlutverki hagsmunavarðar og hvort hlutverkið er viðvarandi eða tilfallandi. Eru þessar upplýsingar meðal þeirra sem gert er ráð fyrir að birtar verði á vef Stjórnarráðs Íslands, sbr. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins.

Persónuvernd áréttar að öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að samrýmast meginreglum laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Skýrt tilgreindur og málefnalegur tilgangur þarf að vera með vinnslu persónuupplýsinga, auk þess sem ekki skal unnið með persónuupplýsingar umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar. Þá er notkun kennitölu heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu, sbr. 13. gr. laga nr. 90/2018.

Persónuvernd bendir á að skráning upplýsinga annars vegar, og birting þeirra á Netinu hins vegar, fela í sér tvær aðskildar vinnsluáðgerðir. Ganga þarf úr skugga um að hvor vinnslan fyrir sig samrýmist ákvæðum laga nr. 90/2018. Þó að skráning upplýsinga um kennitölu og starfsstöð hagsmunavarða geti farið fram í málefnalegum tilgangi er það mat Persónuverndar að nokkrum vafa sé undirorpið að hið sama eigi við um opinbera birtingu slíkra upplýsinga. Í því samhengi skal bent á að í einhverjum tilvikum kann starfsstöð hagsmunavarðar að vera sú hin sama og lögheimili viðkomandi einstaklings, t.d. þegar um er að ræða einyrkja og sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Með hliðsjón af tilgangi



birtingarinnar og meðalhófsreglu persónuverndarlaganna kann því að teljast heppilegra að birta ekki upplýsingar um starfsstöð hagsmunavarðar, þótt þær upplýsingar séu skráðar. Þá má jafnframt telja að birting kennitalna hagsmunavarða teldist umfram það sem nauðsynlegt er til þess að tilgangi birtingarinnar verði náð.

2.


Tillaga Persónuverndar


Með hliðsjón af greinargerð með frumvarpinu er það mat Persónuverndar að skráning upplýsinga um kennitölu og starfsstöð hagsmunavarða ætti að vera fullnægjandi til að ná markmiðum frumvarpsins án þess að þær séu birtar opinberlega.

Í ljósi framangreinds leggur Persónuvernd til að við 2. másl. 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins bætist eftirfarandi orð: „og til kennitölu og starfsstöðvar hagsmunavarða.“

Að öðru leyti vísar Persónuvernd til fyrri umsagnar sinnar, dags. 2. mars 2020.

F.h. Persónuverndar,


Þórður Sveinsson


Vigdís Sigurðardóttir